

# Aðsend grein: Sérhæfð hjúkrunarheimili mæta þörfum íbúa betur



Samsett mynd

## Aðsend grein úr Morgunblaðinu

Hvað vinnst með sérhæfðu hjúkrunarheimili fyrir eldra fólk? Þessi spurning er eðlileg þar sem af og til hefur komið upp umræða um hvort æskilegt sé að blanda ungum og öldnum saman eða þá hvort eðlilegra sé að leggja meira upp úr þeim sjúkdómum sem einstaklingurinn glímir við en aldri fólks.

Ávinninginn af sérhæfingu hjúkrunarheimila er auðvelt að sjá fyrir sér. Með skýrri afmörkun verkefna heimilis er unnt að laga húsnæði, aðbúnað og hjálpartæki að sérstökum þörfum íbúa og þróa sérhæfða umönnun sem mætir þörfum íbúa betur en almenn úrræði gera.

## Forsendur fyrir hendi á stórhöfuðborgarsvæðinu

Eðlileg næsta spurning er hvort forsendur séu hér á landi til að reka sérhæfð hjúkrunarheimili, með tilliti til íbúafjölda og getu til að veita fullnægjandi heilbrigðisþjónustu. Að okkar mati eru nægar forsendur á höfuðborgarsvæðinu og á suðvesturhorninu fyrir því að sérhæfa hjúkrunarheimili eftir viðfangsefnum. Þjóðin eldist hratt og á stórhöfuðborgarsvæðinu búa nú um 250 þúsund manns, eða um tveir þriðju hlutar þjóðarinnar. Það skapar grundvöll fyrir nægjanlega umfangsmikla starfsemi sem getur staðið undir þeirri sérhæfingu sem hér er áformuð.

## Hæft fagfólk og markviss þjónusta

Kópavogsbær áformar í samvinnu við einkaaðila uppbyggingu íbúðahverfa fyrir um átta þúsund íbúa í landi Gunnarshólma. Hverfið verður hannað með þarfir fólks á þriðja æviskeiði í huga og þar verður jafnframt byggð upp víðtæk heilbrigðisþjónusta.

Einn af þremur meginþáttum þeirrar heilbrigðisþjónustu verður rekstur á sérhæfðu hjúkrunarheimili fyrir eldra fólk sem ekki getur lengur búið sjálfstætt. Hinir tveir þættirnir sem styðja munu við starfsemina verða sérfræðiþjónusta lækna og heilsusetur sem býður skammtímadvöl og endurhæfingu.

## 600 rými á sérhæfðum hjúkrunarheimilim Gunnarshólma

Fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma:

- Mismunandi stig: sambýli, almennt rými, sérhæft fyrir fólk með miklar atferlistruflanir.
- Útfæra í léttum nútímalegum stíl þar sem útivist og náttúra leika hlutverk.

Fyrir fólk með hreyfihömlun:

- MND, parkinsonsjúkdóm og menjar eftir heilaáföll

Fyrir fólk með leiðandi hjarta-, æða-, lungna- eða nýrnasjúkdóma í blóðskilun og/eða sykursýki.

Líknarþjónusta (e. hospice) fyrir fólk með krabbamein og áætlaða sex mánaða lifun eða minni.

Fyrir fólk með viðvarandi geðsjúkdóma.

- Útfæra í léttum nútímalegum stíl þar sem útivist og náttúra leika hlutverk.

Sérhæft hjúkrunarheimili með þann fjölda rýma sem hér um ræðir skapar forsendur fyrir því að lækna sem sinna heimilinu séu sérfræðingar á því sviði sem heimilið er sérhæft í. Fjöldi annars fagfólks færi einnig eftir sérhæfingu. Þannig væru sérfræðingar á sviði atferlistruflana á heimili fyrir fólk með heilabilun og aukinn fjöldi sjúkraþjálfara á heimilum þar sem hreyfiskerðing er ríkjandi, svo dæmi séu nefnd.

## Stoðnet aðstandenda styrkist

Að auki getur verið ýmis ávinningur, umfram þann faglega, að því að heimilisfólk glími við sambærilegar áskoranir. Þegar íbúar glíma við sambærilegar áskoranir aukast líkurnar á félagslegum tengslum og gagnkvæmum stuðningi, sem getur aukið lífsgæði. Þá styrkist einnig stoðnet aðstandenda.

Ættingjar geta myndað samfélag sín á milli og stutt bæði heimilisfólk, starfsfólk og heimili sjálf með margvíslegum félagslegum hætti. Þá gætu félagasamtök sem hefðbundið starfa til stuðnings samfélagsþjónustunni, eins og Alzheimerfélagið, Parkinsonfélagið eða Heilavernd, svo dæmi séu tekin, einnig horft á markvissari hátt til þjónustunnar og lífsgæða fólks á hjúkrunarheimilum.

## Öflugur þjónustukjarni fyrir eldri borgara

Með uppbyggingu og rekstri á sérhæfðu hjúkrunarheimili á Gunnarshólma samhliða sérfræðiþjónustu lækna og heilsusetri með endurhæfingu og skammtímadvöl yrði til einn öflugasti þjónustukjarni landsins á sviði heilbrigðismála fyrir eldri borgara. Þar yrði í fyrirrúmi skýr aðgreining þjónustubarfa og markviss sérhæfð þjónusta sem miðar að því að bæta heilsu, sjálfstæði og auka lífsgæði fólks fram eftir öllum aldri.

Slík uppbygging er ekki aðeins æskileg heldur nauðsynleg ef tryggja á mannsæmandi þjónustu við ört vaxandi hóp eldra fólks, sem við viljum öll að njóti virðingar og öryggis á efri árum.

*Pálmi V. Jónsson er lyf- og öldrunarlæknir og prófessor emeritus við læknaeild HÍ.*

*Sigurður Stefánsson er framkvæmdastjóri Afvaka þróunarfélags ehf.*

Fáðu fréttabréf

Daglegt fréttabréf Morgunblaðsins

